

Táلكnafjarðarhreppur
Skipulagsfulltrúi
Miðtúni 1
460 Táلكnafirði

Reykjavík 20. október 2017
UST201709-069/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Táلكnafjarðarhrepps 2006 – 2018, tillaga að breytingu

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Táلكnafjarðarhrepps er barst 11. september sl. þar sem óskað er umsagnar um umhverfisskýrslu og greinargerð skipulagstillögu er felur í sér breytingu á landnotkun í útjaðri þéttbýlis Táلكnafjarðar, óbyggð svæði verða að opnu svæði til sérstakra nota. Einnig eru mörk þéttbýlis stækkuð til austurs, og áætluð er stækkun hafnarsvæðis á Táلكnafirði með aukinni landfyllingu.

Hafnarsvæði, landfylling

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að breyta afmörkun hafnarsvæðis í Táلكnafirði, en svæðið verður stækkað til austurs. Einnig kemur fram að áætluð er 2 ha landfylling við ströndina í beinu framhaldi af hafnarsvæðinu sem mun mynda stækkunina. Einnig kemur fram að nýta á umframefni frá framkvæmdum við varnargarða í landfyllingu og að ekki verður sótt í aðrar námur. Umhverfisstofnun bendir á að í 9. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda kemur eftirfarandi fram: „*Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna.*

Varp efna og hluta í hafid er óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafid:

a. dýpkunarefnum,

b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið.“

Þar af leiðandi þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja fyllingarefni við ströndina eins og áformað er. Áætluð stækkun á hafnarsvæði fellur undir lið 10.14 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Breyting á landnotkun í útjaðri þéttbýlis

Í greinargerð kemur fram að ástæða breytingar á landnotkun í útjöðrum þéttbýlis á Tálknafirði er sú að verið er að auka möguleika til mannvirkjagerðar á svæðunum, hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir í útjaðri þéttbýlis sé staðargróður nýttur í uppgræðslu og að öllu raski sé haldið í lágmarki svo ekki verði neikvæð áhrif á ásýnd jaðarsvæðanna.


Umhverfisáhrif

Í umfjöllun um þá umhverfisþætti sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af breytingartillögunni, kemur fram að þeir eru vatnafar og lífríki, vegna nýrrar landfyllingar á strandsvæði og minjar og landslag vegna uppbyggingu varnargarða í Tunguhlíðum.


Í umfjöllun um umhverfisáhrif við stækkun Tálknafjarðarhafnar kemur fram að ströndin þar sem gert er ráð fyrir uppfyllingu einkennist af grynningum og fjöru sem mun fara undir uppfyllingu og skerðast. Einnig kemur fram að neikvæð áhrif muni verða á lífríki og núverandi fjöru, en ekki koma fram neinar upplýsingar um lífríkið. Að mati Umhverfisstofnunar ætti umfjöllun um umhverfisáhrif áætlaðrar stækkunar á Tálknafjarðarhöfn að vera ítarlegri enda fellur áætlunin undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006

Í umfjöllun um umhverfisáhrif breytingartillögunnar segir að breyting á landnotkun úr óbyggðu svæði yfir í opið svæði til sérstakra nota sé til þess að rýmka heimildir til uppbygginga og þar með talið gerð ofanflóðagarða. Síðan segir að sú breyting teljist ekki hafa umtalsverð áhrif í för með sér og vísað er í deiliskipulag um umhverfisáhrif garðanna sjálfra. Að mati Umhverfisstofnunar á í tillögu að breyttu aðalskipulagi að sýna áætlaða ofanflóðagarða skýrt á uppdrætti og vísa í þá í skýringum. Einnig bendir stofnunin á að varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli eru framkvæmdir er falla undir grein 11.16 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Varnargarðar til varnar ofanflóðum eru framkvæmdir í flokki B og eru því tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdir í ofangreindri áætlun falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, fellur áætlunin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Að mati Umhverfisstofnunar á þar af leiðandi að fjalla um umhverfisáhrif áætlaðra varnargarða í breytingartillögunni.

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar B Bragason
Teymisstjóri